

## Skimað eftir skilningi

Þegar málefni vekur með fólki ástríðu og gerir það spennst getur því reynst erfitt að beita virkri hlustun og öðlast þannig dýpri skilning. Þessari æfingu er sérstaklega ætlað að þjálfa það að hlusta af athygli á aðra manneskju og í kjölfarið að ganga úr skugga um að réttur skilningur á því sem hún sagði hafi náðst. Nemendur æfa sig í að sannreyna skilning sinn með því að endurtaka það sem hin manneskjan sagði þangað til að hún staðfestir að skilningurinn sé réttur. Til viðbótar við þessa grunnstoð styður þetta verkefni grunnstoðirnar „Að læra með því að hugsa“ og „Að læra gegnum ígrundun og mat“.

### Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta útskýrt hvað felst í virkri hlustun.
- Geta beitt virkri hlustun.
- Geta spurt spurninga sem sannreyna hvort skilningur er réttur.
- Geta haft nákvæmlega eftir öðrum nemanda sjónarhorn hans/hugsun/líðan/skoðun.

### Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólafunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þú ættir þó að áætla að lágmarki 45 mínútur í þetta verkefni en 60 mínútur í fyrsta sinn þegar kenna þarf verklag.

Efni

- Nægt rými fyrir nemendur að sitja tvo og tvo saman
- Tímamæli

### Undirbúningur

Settu verklag fram á skýran og sýnilegan hátt áður en þið hefjist handa. Mikilvægt er að lýsa hverju skrefi nákvæmlega og ganga úr skugga um að allir nemendur hafi kynnt sér verklagið:

- Nemandi #1 talar fyrst; Nemandi #2 beitir virkri hlustun á meðan - **3 mínútur**
- Nemandi #2 endurtekur það sem hann telur að nemandi #1 hafi sagt; ; Nemandi #1 hlustar gaumgæfilega – **3 mínútur**
- Nemandi #1 leiðréttir allan misskilning hjá nemanda #2 og fer vandlega yfir þau mikilvægu atriði sem nemanda #2 yfirsást; nemandi #2 hlustar gaumgæfilega – **mínútur**
- Nemandi #2 endurtekur það sem nemandi #1 sagði og tiltekur nú þau mikilvægu atriði sem honum yfirsást áður – **mínútur**
- Nemandi #1 staðfestir hvort hann upplifir að réttum skilningi sé náð eða ekki. – **mínútur**

→ Hlutverkum víxlað og byrjað aftur frá byrjun.

## Skref fyrir skref leiðbeiningar

Þessa aðferð geturðu notað hvenær sem þú vilt að:

- nemendur þínir þjálfir virka hlustun og skiling í garð hver annars
- þjálfar nemendur í að skilja sjónarhorn annarra

Verklag er fast og ákveðið (þú getur þó breytt mínútuþjölda til og frá í takt við þinn nemendahóp) eins og markmiðið sjálf; að geta hlustað og skilið það sem félagi þinn segir.

### 1 Innlögn

- Veldu samfélagslega áskorun: hugsanlega einhverja sem bekkurinn vinnur nú þegar með eða eitthvað sem komið hefur upp í umræðu innan bekkjarins, skólans eða nærsamféluginu.
- Byrjaðu smátt: byrjaðu á því að spyrja einfaldra spurninga.
- Þyngdu spurningarnar: þegar nemendur hafa öðlast þjálfun í að fylgja verklaginu geturðu lagt fyrir þá flóknari spurningar og umræður.

Gaktu úr skugga um að verklagið sé vel kynnt sem og að allir skilji sitt hlutverk.

Láttu nemendur vinna 2 og 2 saman og gerðu þeim ljóst hvor er nemandi 1 og hvor nemandi 2. Í þessu dæmi leggjum við fram eftirfarandi spurningu: „Hvaða hugmyndir hefur þú um hvernig við getum gert frímínútur bæði öruggar og skemmtilegar fyrir alla?“

### 2 Kannaðu orsakir

1. Nemandi #1 talar fyrst; nemandi #2 beitir virkri hlustun - 3 mínútur
2. Nemandi #2 endurtekur það sem hann telur sig hafa heyrt nemanda #1 segja; nemandi #1 hlustar gaumgæfilega - 3 mínútur
3. Nemandi #1 leiðréttir allan misskilning sem kom fram hjá nemanda #2 og bætir við því sem mikilvæga sem hann taldi fara forgörðum Nemandi #2 hlustar gaumgæfilega - 2 mínútur
4. Nemandi #2 endurtekur það sem nemandi #1 sagði og gætir þess að allar leiðréttingar eða mikilvægir punktar sem áður vantaði séu nú upptaldir - 2 mínútur
5. Nemandi #1 staðfestir hvort réttum skilningi er náð eður ei. - 1 mínútur
6. Víxlið hlutverkum og byrjið aftur frá byrjun.

### 3 Ígrundun

Láttu allan bekkinn koma saman og ígrunda heildarferlið út frá eftirfarandi spurningum, sérstaklega eftir fyrstu skiptin sem æfingin er lögð fyrir:

- Hvernig fannst þér að hlusta af athygli og reyna að endursegja það sem félagi þinn sagði?
- Hvernig fannst þér að heyra féлага þinn útskýra það sem hann taldi þig hafa sagt?
- Hvernig fannst þér að tala án þess að nokkur truflaði þig?

## Vinnuefni - samræðum og samskiptum

- Hvernig fannst þér að vera þögul/þögull/þögult meðan félagi þinn tjáði sig?

Þegar þú hefur lagt þessa æfingu fyrir nokkrum sinnum geturðu byrjað að ígrunda og jafnvel leggja mat á hana á mismunandi vegu (sjá nánar í námsþættinum „Að læra gegnum ígrundun og mat“).